

FRÍSTUNDIR & MENNING

FRAMUNDAN

- 2. des.** Fundur í frístunda- og menningarnefnd
- 2. des.** Fyrirlestur um núvítund í Gjánni.
- 2. des.** Rithöfundurinn Stefán Máni með upplestur á bókasafninu
- 4. des.** Kveikt á jólatrénu á Landsbankatúninu
- 7. des.** Rithöfundarnir Auður Jónsdóttir og Lilja Jónsdóttir með upplestur á bókasafninu.
- 8. des.** Fundur með FSS um forvarnarverkefnið Netið
- 9. des.** Fundur í frístundateymi
- 10. des.** Friðarganga
- 12. des.** Fundur í forvarnarteymi
- 14. des.** Jólafundur Samsuð
- 15. des.** Valfundur vegna kjörs íþróttamanns- og konu ársins
- 17. des.** Rithöfundurinn Óskar Guðmundsson með upplestur á bókasafninu
- 27. des.** Sameiginlegt jólaball fyrir alla krakka í Gjánni
- 31. des.** Kjör íþróttamanns- og íþróttakonu ársins í Grindavík
- 5. jan.** Fundur í frístunda- og menningarnefnd
- 6. jan.** Þrettándagleði í íþróttahúsinu

Fréttabréfið kemur út í upphafi hvers mánaðar



GRINDAVÍKURBÆR

Breytingar á kjöri íþróttamanns- og konu ársins

Kjör á íþróttmanni og íþróttakonu Grindavíkur verður að venju lýst á gamlársdag. Hófið fer fram að þessu sinni í Gjánni, nýrri félagsaðstöðu UMFG og Kvenfélags Grindavíkur og hefst kl. 13:00. Kjörið er öllum opið og Grindvíkingar hvattir til þess að fagna glæsilegu íþróttarári með íþróttafólki okkar.

Ávallt er verið að reyna að gera umgjörð kjörsins betri með hverju árinu. Í upphafi árs voru tvær breytingar á verklagsreglunum í kjörinu af frístunda- og menningarnefnd. Annars vegar var ákveðið að lágmarksaldur hvatningarverðlauna er 7. bekkur og hámarksaldur 10. bekkur. Hins vegar var samþykkt að eftir að deildir/íþróttafélög hafa sent inn greinargerðir með tilnefningum sínum, skal sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs boða kynningarfund með valnefnd, áður en hún kýs. Þar geta fulltrúa þeirra deilda/íþróttafélaga sem tilnefna, komið og kynnt nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Er þetta gert til að auka enn frekar fagmennskuna í kringum kjörið. Tíu manna valnefnd



skipa aðalstjórn UMFG og frístunda- og menningarnefnd Grindavíkurbæjar. Rétt til að tilnefna hafa allar deildir UMFG sem og íþróttafélög í Grindavík sem eru aðilar að Íþróttabandalagi Suðurnesja.

Íþróttamaður Grindavíkur var fyrst kosinn 1988 og var það að frumkvæði Kiwanismanna með Jón Guðmundsson í forystu. UMFG tók líklega við kjörinu 1997. 2008 var kjörinu kynjaskipt.

Íþróttamenn/konur ársins:

1988 Guðmundur Bragason - Karfa
1989 Sigurður H. Bergmann - Júdí
1990 Sigurður H. Bergmann - Júdí
1991 Guðmundur Bragason - Karfa
1992 Sigurður H. Bergmann - Júdí
1993 Helgi J. Guðfinnsson - Karfa
1994 Sigurður H. Bergmann - Júdí
1995 Guðmundur Bragason - Karfa
1996 Ekki kosið.

1997 Milan Stefán Jankovic - Knattspyrna
1998 Helgi J. Guðfinnsson - Karfa
1999 Grétar Ó Hjartarson - Knattspyrna
2000 Ólafur Örn Bjarnason - Knattspyrna
2001 Guðlaugur Eyjólfsson - Karfa
2002 Sinisa Kekić - Knattspyrna
2003 Páll A. Vilbergsson - Karfa
2004 Páll A. Vilbergsson - Karfa
2005 Paul McShane - Knattspyrna
2006 Páll A. Vilbergsson - Karfa
2007 Páll A. Vilbergsson - Karfa
2008 Páll A. Vilbergsson - Karfa,
Jovana Lilja Stefánsdóttir - Karfa
2009 Þorleifur Ólafsson - Karfa,
Elínborg Ingvarsdóttir - Knattspyrna
2010 Jósef Kr. Jósefsson - Knattspyrna,
Helga Hallgrímsdóttir - Karfa
2011 Óskar Pétursson - Knattspyrna,
Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir - Karfa og
fótbolti
2012 Björn Lúkas Haraldsson -
Taekwondó og júdí, Christine
Buchholz - Hlaup
2013 Jóhann Árni Ólafsson - Karfa,
Petrúnella Skúladóttir - Karfa
2014 Daníel Leó Grétarsson -
Knattspyrna, Guðrún Bentína
Frimannsdóttir - Knattspyrna

Kveikt á jólatrénu næsta laugardag kl. 18:00

Kveikt verður á jólatré Grindavíkurbæjar við Landsbankatúnið laugardaginn 5. desember kl. 18:00. Jólasveinar og systkini þeirra mæta í heimsókn, Unglingadeildin Hafbjörg býður heitt súkkulaði og piparkökur

fyrir gesti. Dagskrá:
• Tónlistaratriði með nemendum Tónlistarskólans
• Barnakór Grindavíkur flytur jólalög.
• Kristín María Birgisdóttir formaður bæjarráðs flytur ávarp.
• Stekkjastaur og Kjotrókur

mæta á svæðið og skemmta börnunum. Þeir munu einnig kveikja á jólatrénu.
• Langleggur og Skjóða, systkini jólasveinanna, með skemmtilegan leikþátt. Grindvíkingar eru hvattir til þess að fjölmenna með gleði og jólastemningu í hjarta.

Auglýst eftir framboðum í Ungmennaráð Grindavíkur

Hefur þú áhuga á því að taka þátt í spennandi starfi Ungmennaráðs Grindavíkur? Í samræmi við samþykktir Ungmennaráðs er auglýst eftir framboðum í Ungmennaráðið. Eftirfarandi sæti eru laus:

- 13-16 ára. Einn aðalmaður til tveggja ára. Einn varamaður til eins árs. Verði frambjóðendur fleiri en sæti í kjöri, skal fara fram bein kosning meðal nemenda í Grunnskóla Grindavíkur.
- 16-18 ára. Einn aðalmaður til tveggja ára, einn varamaður til eins árs. Verði frambjóðendur fleiri en sæti í kjöri, skal fara fram bein kosning á auglýstum framboðsfundi. Atkvæðisbærir eru ungmenni á aldrinum 16-18 ára með lögheimili í Grindavík. Hægt er að kynna sér starfsemi Ungmennaráðs með því að skoða samþykktir þess og fundargerðir á heimasíðu Grindavíkurbæjar. Tilkyningu um framboð skal senda á netfangið thorsteinng@grindavik.is. Senda skal nafn, heimilisfang, netfang og kennitölu. Framboðsfrestur er til og með 12. janúar 2016. Ef kemur til kosninga kemur verða þær viku síðar.

Fyrirlestur um núvitund

Í tengslum við þróunarverkefni um núvitund í skólastarfi í Grindavík verður boðið upp á fyrirlestur og stutt námskeið í núvitund í Gjánni miðvikudaginn 2. des. kl. 19:30 og eru ALLIR bæjarbúar velkomnir.



GRINDAVÍKURBÆR

Útgefandi: Frístunda- og menningarsvið

ÁBM: Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri.

thorsteinng@grindavik.is.

Sími 420 1100.

Fleiri fréttir á

www.grindavik.is

Góður undirbúningsfundur fyrir Menningarviku

Opinn undirbúningsfundur fyrir Menningarvikuna á næsta ári var haldinn mánudaginn 23. nóv. s.l. og tókst vel. Fjölmargar skemmtilegar og áhugaverðar hugmyndir

komu fram sem tengdust handverki í sem víðasta skilningi þess orðs. Handverksfélagið Greip vinnur að því að bjóða upp á námskeið og þá eru fleiri hugmyndir um námskeið í

skoðun. Þá er þegar búið að bóka tónleika og myndlistasýningar þannig að Grindvíkingar hafa sannarlega tekið vel við sér. Fyrirspurnir sendist á: thorsteinng@grindavik.is

Bókasafn Grindavíkur komið í jólaskap

Bókasafn Grindavíkur fær góða rithöfunda í heimsókn á aðventunni til þess að lesa upp úr bókum sínum.

Glæpasagnahöfundurinn vinsæli **Stefán Máni** les upp úr Nautinu nýjstu spennu-sögu sinni á Bókasafni Grindavíkur í kvöld, miðvikudaginn 2. desember kl. 20:30. Bókin hefur hlotið afbragðs dóma. Hann hefur gefið út fjórtán skáldsögur frá árinu 1996. Glæpasagan Svartur á leik var tilnefnd til Glerlykilsins árið 2005. Stefán Máni hefur í tvígang hlotið

Íslensku glæpasagna-verðlaunin Blóðdropann, árið 2007 fyrir Skipið og 2013 fyrir Húsið. Báðar bækurnar voru jafnframt valdar sem framlag Íslands til Norrænu glæpasagnaverðlaunanna Glerlykilsins.

Auður Jónsdóttir kemur 7. desember og les upp úr nýjstu bók sinni Stóri skjálfti. Bókin er núna í 3. sæti á metsölulista Forlagsins en hún hefur fengið afbragðs dóma. Auður hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2004 fyrir skáldsögu sína

Fólkið í kjallaranum. Auður hlaut Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, fyrir Ósjálfrátt árið 2013.

Lilja Jónsdóttir kemur einnig 7. desember með bók sína Gildran sem er á 6. sæti á metsölulista Forlagsins.

Óskar Guðmundsson kemur svo fimmtudaginn 17. desember og les upp úr bók sinni Hilma sem er hans fyrsta bók en þetta er glæpasaga. Hægt er að kynna sér aðventudagskrá bókasafnsins á heimasíðu þess og Facebook.

Friðargangan verður 10. desember

Hin árlega friðarganga Grindvíkinga verður fimmtudaginn 10. des. nk. Gangan er samstarfsverkefni skólastofnanna í Grindavík. Athöfnin hefst kl. 09:15 við íþróttamiðstöðina en upp úr kl. 9 gengur hver skólastofnun að nýja torginu við íþróttamiðstöðina. Markmið göngunnar er að efla samkennd og samhug með því að boða jákvæðni, gleði og kærleika í samfélaginu.

Dagskrá:

• Nemendur leikskólanna og starfsstöðva grunnskólans við Ásabraut og Hópsskóla ganga fylktu liði. Eldri nemendur aðstoða þá yngri.

Við torgið fara allir bekkir í hringi samkvæmt skipulagi.

- Barnakór Grindavíkur syngur. Undirleikari: Renata Ivan.
- Séra Elínborg flytur stutt friðarávarp og síðan verður örstutt þögn þar sem hver og einn upplifir friðinn í sjálfum sér.
- Núvitund. Þetta er nýjung í tengslum við Friðargönguna Umsjón: Halldóra Halldórsdóttir og Harpa Hallgrímsdóttir stjórna.
- Allir syngja saman Bjart er yfir Betlehem.

Að loknum söng gengur hver hópur til síns skóla.

Lögreglan og starfsmenn áhaldahúss munu aðstoða við að loka götum og starfsmenn HS Orku munu sjá til þess að slökkt verði á ljósastaurum milli kl. 08:45 – 09:45. Leikskólarnir munu bjóða foreldrum að taka þátt í göngunni. Eldri borgurum verður send tilkyning og þeir hvattir til að taka þátt og mæta á Landsbankatúnið.

ALLIR NEMENDUR MÆTA MEÐ VASALJÓS OG LÝSA UPP SKAMMDEGIÐ INNRI BIRTU.